

Landsmót í TrackMan golfhermum

Keppnisiskilmálar

Keppnisfyrirkomulag

Leikinn er högggleikur án forgjafar í karla- og kvennaflokki.

Tvær undankeppnir fyrir Landsmótið verða haldnar, fyrri er 18 holur og sú síðari er 36 holur.

Dagsetningar

Fyrri undankeppnin (18 holur) fer fram 7. febrúar til 16. mars og komast 48 efstu karlar og 24 efstu konur í seinni undankeppnina (36 holur) sem haldin verður 17. mars til 27. apríl 2026.

Ef leikmenn eru á sama skori og sá sem er með lakastan árangur þeirra sem halda áfram skulu þeir báðir/allir halda áfram.

Hægt er að taka þátt í undankeppnum hvar sem eru TrackMan golfhermar, með þeim möguleika að pútta. Stillingar mótsins tryggja að vallaraðstæður séu eins hvar sem leikið er.

Efstu 12 karlar og efstu 12 konur komast í úrslitakeppnina, Landsmótið, sem haldið verður 2. maí 2026 í Íþróttamiðstöð GKG. Ef leikmenn eru á sama skori og sá sem er með lakastan árangur þeirra sem halda áfram gilda seinni 9, síðan seinustu 6, loks seinustu 3 og svo 1. Ef enn er jafnt skal varpa hlutkesti.

Skor úr undankeppnum fylgja ekki yfir í úrslitakeppnina.

Leiknar eru 36 holur til úrslita um titilinn Landsmeistari í golfhermum.

Ef leikmenn eru að jafnir í efsta sæti skal leikinn bráðabani þangað til úrslit nást. Ekki skal leikinn bráðabani ef jafnt er í öðrum sætum.

Vallaruppsetning

Undankeppnir og úrslit eru leiknar á TrackMan Virtual Golf2 Korpan GC.

Stillingar eru fyrirfram ákveðnar og eru eins í öllum hermum. Brautir og flatir eru stilltar á medium mykt og miðlungs hraða (flatir 9 fet á Stimp). Holustaðsetningar eru medium. Enginn vindur. Pútt eru hluti af leiknum og hermir því stilltur á Manual pútt. Hermir gefur pútt innan við 2,4 metra.

Leikið er af hvítum teigum í karlaflokki (6301 m) og bláum (5300 m) í kvennaflokki.

Sérregla

Í þeim tilvikum sem TrackMan bætir við höggi vegna tæknilegra orsaka (t.d. ef hermir telur högg þó um æfingasveiflu sé að ræða), þá er heimilt að velja mulligan og endurtaka höggið. Kerfið skráir að leikmaður hafi tekið mulligan, og mun mótsstjórn skoða þau tilfelli sem slíkt er valið. Ef leikmaður hefur valið mulligan án þess að hafa gilda ástæðu til þess, fær viðkomandi frávísun úr mótinu.

Mótsstjórn mun skera úr um öll tæknileg tilfelli sem koma upp meðan á leik stendur.

Aukakeppni

Sérstök verðlaun verða fyrir titilinn “ Högglangsti kylfingur mótsins” hermamótsins en 10 högglangstu kylfingar í seinni undankeppninni fá þátttökurétt í sérstakri Högglangdarkeppni sem fram fer í vikunni fyrir úrslitin. Úrslitakeppnin verður 4 högg og langstu 3 komast úr úrslitakeppni en í henni verða slegin 6 högg og langsta höggið telur. Keppt er í karla- og kvennaflokki.

Þátttökuréttur og skráning

Mótið er opið öllum kylfingum.

Skráningarferill í fyrri undankeppni:

Mótið er opið í TrackMan Tournaments kerfinu og geta keppendur hafið leik eftir að keppandi fer í TrackMan hermi og skráir sig inn með sínum aðgangi í TrackMan Golf appinu.

Smelltu á valmöguleikann “Tournaments” og í framhaldi Landsmót í golfhermum - fyrri undankeppni (karla eða kvenna), og loks “Play tournament”.

Í undankeppnum greiða þátttakendur fyrir notkun á hermi þar sem það á við.

Ekkert aukagjald er tekið fyrir þátttökuna í mótinu.

Verðlaun eftir úrslitakeppni 2. maí:

Veitt verða verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í hvorum flokki auk þess sem sigurvegarar fá farandbikar.

1. sæti: 130.000 kr.

2. sæti: 50.000 kr.

3. sæti: 30.000 kr.

Mótsstjórn

Úlfar Jónsson, Sigmundur Einar Másson, Brynjar Geirsson.

Hafið samband við Úlfar ulfar@gkg.is ef spurningar vakna.

Birt með fyrirvara um breytingar